

Mál nr. 373/2014**M og
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra (A)****Krafa úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna galla í fjölbýlishúsi****Gögn.**

1. Málskot M móttengið þann 16. desember 2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 12. janúar 2015 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M frá 21. janúar 2015 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M, sem er húsfélag, gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A vegna meintra galla/skemmda á fjölbýlishúsinu sem M telur að sé á ábyrgð A. Í málskoti kemur fram að húsið hafi verið tekið í notkun árið 2007 en að á undanförunum árum hafi íbúar hússins reynt að fá ýmsa hluti lagaða sem þeir telja að megi rekja til byggingu hússins.

Þau atriði sem kvartað er yfir eru skemmdir vegna leka í stigagöngum, skemmdir á sólbekkjum og svæðinu í kringum þá við austur gaffl hússins nr. 5, að það beri að bæta félaginu þann kostnað sem það varð fyrir við að skipta út hellum í anddyri hússins nr. 5 og vegna sorplyktar sem berst inn í íbúðir sem næstar eru sorprörinu í húsinu nr. 7.

M gerir kröfu til að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A þar sem ekki séu forsendur til staðar til að fallast á skaðabótaábyrgð byggingarstjórans.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á sök byggingarstjórans eða hvert umfang þess tjóns er sem M krefst að V bæti úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans. Ósannað er að byggingarstjóri beri ábyrgð á þeim skemmdum eða göllum sem M tíundar í málskoti og talin eru upp hér að framan. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra í þessu máli.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.